

Hr. Útvarpsstjóri Páll Magnússon
Ríkisútvarpið, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík.
Símbref: 5153010, 5153650, 5153808
Netfang: pall.magnusson@ruv.is, frettir@ruv.is,

29. janúar 2009.

Gróflega troðið á lýðræðinu í Kastljósi RÚV

Í Kastljósi RÚV í gær var umræða sem sögð var um „þá gerjun sem á sér stað um lýðræðismálin og þær fjölmörgu hreyfingar sem eru að spretta upp í samfélaginu“.

Annar viðmælenda segist spá í framboð með stefnumál sem undirritaður, fyrstur Íslendinga, kynnti opinberlega við kosningar, hefur unnið með síðan 1995 og sem fyrir 10 árum leiddi til stofnunar Lýðræðishreyfingarinnar með beint og milliliðalaust lýðræði sem markmið. Væntanlegt framboð okkar við næstu alþingiskosningar var tilkynnt til RÚV fyrir tveimur mánuðum síðan. RÚV hefur því miður ekki séð ástæðu til að virða þær lýðræðislegar leikreglur að veita Lýðræðishreyfingunni jafnan aðgang eins og öðrum aðilum að Kastljósi, Silfri Egils eða annarri umræðum um þessi mál í ríkisfjölmiðlunum.

Eins og áður hefur fram komið í bréfum mínum hafa lög og reglugerðir um starfsemi og hlutverk Ríkisútvarpsins hafa ítrekað verið brotnar á kostnað Lýðræðishreyfingarinnar.

Er eðlilegt að fjalla um beint og milliliðalaust lýðræði og útiloka frá þeirri umræðu einu skráðu stjórnmalasamtök landsins sem hafa þetta mál sem aðalmarkmið? Fréttamönnum má vera ljóst að Lýðræðishreyfingin hefur ýmislegt fram að færa í þessari umræðu.

Er eðlilegt að sniðganga Lýðræðishreyfinguna á meðan dregnar eru fram eftirhermur sem eru svo grófar í sinni framsetningu að íslenska skjaldamerkið er notað sem vörumerki á vefsíðu þeirra. Vefsíðu skráða á einstakling sem rétt hafa. Vefsíðu kostaða af fagfjárfestum úr atvinnulífinu í einhverskonar fjárfestingarsamkrulli við ríkisfyrirtæki. Vefsíðu þar sem skjaldamerki ríkisins er notað með ólögætum hætti á óskráð samtök.

Einn aðstandenda Lýðveldisbyltingarinnar er hinsvegar Davíð A. Stefánsson sem einnig er einn aðstandenda „Opins borgarafundar“, samtaka sem hafa í tvígang borið mig út af fundum sínum og sem í þriðja sinn vörnuðu mér inngöngu eftir að „fundurinn“ kaus mig inná fund í Iðnó. Sök mín gagnvart þessum samtökunum var að leggja til lýðræðisleg vinnubrögð í stað leiksýninga og lýðskrums. Þetta skýrir hugsanlega eftirfarandi orð á vef þessara samtaka í umræðunni „hvað á barnið að heita“: „Því miður er Ástþór Magnússon búinn að menga og gjaldfella orðið lýðræði. Lýðræðishreyfingin minnir of mikið á flokksnafn Ástþórs. Við viljum alls ekki láta bendla okkur við þann annars ágæta mann.“

Ofangreindur Kastljós þáttur er áfellsdómur yfir RÚV og starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Virðingarfyllt,
Lýðræðishreyfingin



Ástþór Magnússon – Sími 4962002 – Netfang: thor@lydveldi.is

Afrit:

OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights. Fax: +48 22 520 0605

Dóms og kirkjumálaráðuneytið. Símbref: 5527340. Netfang: postur@dkm.stjr.is

Útvarpsréttarnefnd. Símbref: 5623068. Netfang: utvarpsrettarnefnd@utvarpsrettarnefnd.is

Menntamálaráðherra. Símbref: 5623068. Netfang: thkg@althingi.is

Menntamálanefnd Alþingis. Netfang: ragneidurb@althingi.is

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: magneam@althingi.is

Umboðsmaður Alþingis. Símbref: 5106701. Netfang: postur@umb.althingi.is.

Blaðamannafélag Íslands. Símbref: 5539177. Netfang: bi@press.is

Reporters Without Borders. Fax: +33 1 44838484. Email: rsf@rsf.org

Alþingismenn: Sent á póstlista

Birt á blogvef Morgunblaðsins: <http://lydveldi.blog.is>